

Fjórði fundur haldinn að Breiðabliki þriðjudaginn 26. apríl 2022 að Breiðabliki kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Herdís Þórðardóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Frávik frá fjárhagsáætlun. Í fjárhagsáætlun vegna ársins 2022 er gert ráð fyrir útgjöldum upp á kr. 15 milj til atvinnufyrirtækja en það var gert til þess að koma til móts við aukin útgjöld þeirra vegna fasteignagjalda (c liðar) ef tillaga um sameiningu við Snæfellsbæ yrði samþykkt. Þar sem sameiningartillagan var felld er nauðsynlegt að leiðrétta fjárhagsáætlunina og er því lagt til að taka út úr atvinnumálunum kr. 15 miljónir.
Niðurstaða. Frávikin samþykkt samhljóða.
2. Farið yfir það álit sem þarf að vinna upp um stöðu og getu sveitarfélagsins til þess að sinna lögbundnum verkefnum og skila inn til sveitarstjórnarráðuneytisins fyrir 14. maí 2023. Ef íbúafjöldi sveitarfélaga er undir 250 við sveitarstjórnarkosningar árið 2022 ber sveitarstjórn að hefja formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög eða skila álit til innviðaráðuneytis um stöðu og getu sveitarfélagsins til þess að sinna lögbundnum verkefnum innan árs frá sveitarstjórnarkosningum. Í mars fengu sveitarfélögin sem eru undir 250 íbúa kynningu frá innviðaráðuneytinu á vinnuleiðbeiningum um hvernig fylla eigi álitid út. Á fundinum kom m.a. fram að;
tilgangur álitserðarinnar er að taka saman nægilegar upplýsingar fyrir sveitarstjórnarmenn og íbúa sveitarfélagsins svo að ákvörðun þeirra [um að hefja sameiningarviðræður eða ekki]byggist á fullnægjandi upplýsingum.“
3. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga sem fara fram 14. maí 2022 lögð fram til staðfestingar. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða framlagðan kjörskrástofn. Á kjörskrá eru 86 einstaklingar.
4. Erindi frá Herdís Þórðardóttur vegna sorpskýla við Laugargerðisskóla. Oddviti falið að skoða hvað sorpskýli kosta og leggja fyrir næsta fund.
5. Erindi frá Gísla, Herdís og Halldór dagsett 3. mars 2022. Erindið fjallar um að gerð yrði könnun meðal íbúa samhljóða sveitarstjórnarkosningunum í vor og taldir upp nokkrir möguleikar til að velja úr fyrir íbúa.

Tillagan er svohljóðandi.

Við undirrituð leggjum til við sveitarstjórn að jafnhliða sveitarstjórnarkosningunum í vor verði efnt til skoðunarkönnunar meðal íbúa í Eyja og Miklaholtshrepp hver vilji íbúanna er til sameiningar sveitarfélagsins.

Spurt verði:

Ef ný sveitarstjón tekur upp sameiningarviðræður við nágrannasveitarfélög, hvaða sameiningu villtu þá að sveitarfélagið leggi áherslu á ?

- a) Allt Snæfellsnes
- b) Stykkishólmur / Helgafellssveit/ Grundarfjörður
- c) Stykkishólmur / Helgafellssveit

d) Borgarbyggð.

Niðurstaða. Tillagan samþykkt með atkvæðum Gísla, Halldórs og Herdísar. Á móti Eggert og Atli.

Eggert bað um fundarhlé sem var samþykkt

Bókun

Þegar vilji íbúa er kannaður er mikilvægt að það sé gert með faglegum og hlutlausum hætti til þess að út komi leiðbeiningar til nýkjörinnar sveitarstjórnar sem hægt verði að byggja á. Það er eftirtektavert í ný samþykkttri tillögu að verið er að útiloka nokkra kosti sem mögulega verða í boði á næsta kjörtímabili, jafnframt er það þannig að þegar margir kostir eru í boði er það nú oft þannig að fleiri en einn kostur kemur til greina hjá íbúum, ekki er gert ráð fyrir í tillögunni að hægt verði að velja nema einn kost. Þetta er mikill galli að mati undirritaðs.

Undirritaður lagði áherslu á að eingöngu yrði spurt í komandi sveitarstjórnarkosningum;

Vilt þú að Eyja- og Miklaholtshreppur hefji sameiningarviðræður á nýju kjörtímabili ?

- Já
- Nei.

Ef íbúar segðu já myndi ný sveitarstjórn með sama hætti og undirritaður vildi gera í júní síðastliðinn með því að fá Háskólann á Akureyri til þess að kann hug íbúa en ekki fékkst hljómgrunnir fyrir því innan sveitarstjórnar. Undirritaður lagði áherslu á það á fundinum að þegar kannaður verði hugur íbúa verði eftirfarandi haft að leiðarljósi.

- Allir möguleikar verði á listanum sem koma til greina.
- Íbúum myndi verða gefinn kostur á því að velja fleiri en einn og raða eftir mikilvægi
- Fagaðilar fengnir til að sjá um könnunar
- Hún yrði gerð með rafrænum hætti eða hringt í fólk
- Í könnunni verði íbúar spurðir að því á hvað þeir leggja áherslu á ef til sameiningaviðræðna kemur.

Ekki var fallist á sjónarmið undirritaðs á fundinum og því var bókunin færð í fundargerð af undirrituðum.

Eggert Kjartansson

Fundur var kallaður saman á ný.

6. Fundargerð Fræðslu og skólanefndar frá 24. apríl 2022. Fundargerðin lögð fram og staðfest.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið kl. 22.08

Herdís Þórðardóttir (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Gísli Guðmundsson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)
Atli Sveinn Svansson (sign)

